

SKIPULAGSSKRÁ fyrir sjálfseignarstofnunina Markaðsstofu Vestfjarða.

1. gr.

Stofnendur.

Stofnendur sjálfseignarstofnunarinnar Markaðsstofa Vestfjarða eru Fjórðungssamband Vestfirðinga, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf. og Ferðamálasamtök Vestfjarða.

2. gr.

Framlag stofnenda.

Stofnendur leggja fram 692.000 kr. fjárframlag til stofnunarinnar. Stofnfé má ekki skerða. Stofnfé skal ávaxta með tryggilegum hætti skv. ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.

3. gr.

Heimili.

Heimilisfang og varnarþing stofnunarinnar er á Ísafirði.

4. gr.

Ábyrgð.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er óháð öllum öðrum lögaðilum og einstaklingum en stofnendum.

5. gr.

Tilgangur og starfsemi.

Tilgangur Markaðsstofu Vestfjarða er að veita erlendum og innlendum ferðamönnum bestu mögulegar upplýsingar um náttúru, mannlíf og menningu Vestfjarða og hvaða möguleika þeir hafa til að njóta hennar sem ferðamenn.

Hlutverk Markaðsstofu Vestfjarða er jafnframt að veita ferðamönnum besta mögulega aðgengi að áðurnefndum upplýsingum og auka þannig vitund á Vestfjörðum og Íslandi.

Hlutverk Markaðsstofu Vestfjarða er að innleiða faglegt og samræmt markaðsstarf meðal ferðaþjóna á Vestfjörðum.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum til tveggja ára í senn. Stofnendur tilnefna einn stjórnarmanna hver.

Meirihluti atkvæða ræður úrslitum á fundum stjórnar. Óheimilt er að selja eða veðsetja fasteign í eigu stofnunarinnar nema að fengnu samþykki sýslumannsins á Sauðárkróki.

Stjórnin ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og fjárvörslum hennar.

7. gr.

Starfssvið stjórnar.

Stjórn stofnunarinnar skal framfylgja meginmarkmiðum skipulagsskrár þessarar og einstökum ákvæðum hennar. Stjórnin sér um að haldið sé bókhald fyrir stofnunina.

8. gr.

Stjórnarfundir.

Boða skal til stjórnarfunda með tryggilegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd stofnunarinnar nema stjórnin sé fullskipuð. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef það máefni sem fyrir liggur til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðislega. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

9. gr.

Skyldur stjórnar.

Stjórnin er að öllu leiti óháð boðvaldi stofnenda. Árlega og ávallt samkvæmt sérstakri beiðni skal hún gefa stofnendum skýrslu um starfsemi sína og svara þeim fyrirspurnum sem að henni er beint eftir því sem unnt er.

10. gr.

Fagráð.

Stjórn stofnunarinnar skipar, til eins árs, 7 manna fagráð á aðalfundi. Við skipun fagráðs skal leitast við að skipa einn fulltrúa frá eftirfarandi svæðum: Vestur Barðastrandarsýslu, Austur Barðastrandarsýslu (Reykhólahreppi), Strandarsýslu og Ísafjarðarsýslu. Við skipan fagráðs skal stjórn óska eftir tillögum frá Ferðasamtökum Vestfjarða, sveitarfélögum á Vestfjörðum og framkvæmdastjóra Markaðsstofu Vestfjarða. Hlutverk fagráðsins er að vera ráðgefandi fyrir framkvæmdastjóra og vinna í samstarfi við hann um stefnumótun Markaðsstofunnar.

11. gr.

Breyting á skipulagsskrá.

Stofnendur geta ekki breytt skipulagsskrá þessari nema með ályktun aðalfundar stofnenda og skal þar hljóta samþykki 2/3 hluta atkvæða á lögmætum fundi og jafnframt þurfa tveir af þremur stjórnarmönnum að vera meðmæltir slíkum breytingum.

12. gr.

Slit stofnunarinnar.

Stofnuninni verður slitið ef félagsfundur stofnenda samþykkir slíka tillögu með auknum meirihluta atkvæða (2/3 í lögmætri atkvæðagreiðslu) og tveir stjórnarmenn samþykkja. Leita skal samþykkis sýslumannsins á Sauðárkróki fyrir slitum. Við slit skal eigum stofnunarinnar varið í þágu tilgangs hennar og stofnenda að tillögum menntamálaráðuneytisins og viðskiptaráðuneytisins.

13. gr.

Reikningar.

Stjórn stofnunarinnar skal ganga frá reikningum stofnunarinnar fyrir 1. júní ár hvert. Þeir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn stofnunarinnar ræður til eins árs í senn.

14. gr.

Reikningshald.

Um reikningshald fer eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

15. gr.
Staðfesting.

Leita skal eftir staðfestingu sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 24. maí 2007,

Kristján Baldursson ftr.

B-deild – Útgáfud.: 27. júlí 2007